

**Nd.**

**§19. Nefndarálit**

um frumvarp til laga um aukna löggæslu.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir orðið sammála um það, að eins og nú er háttað siglingum og verslun, sje engin brýn nauðsyn á aukinni löggæslu utan Reykjavíkur. Með lögum þeim um skiftingu á bæjarfógetaembættinu í Reykjavík, sem nú eru afgreidd frá Alþingi, er mikið bætt úr þeirri þörf, sem talin hefir verið á því að auka löggæsluna í Reykjavík, enda nær frv. þetta að eins til annara kaupstaða og kaupþúna. Siglingar frá útlöndum beinast nú því nær eingöngu til Reykjavíkur, og því miklu minni nauðsyn á aukinni löggæslu úti um land en á venjulegum tímum. Þegar af þessari ástæðu ræður nefndin í einu hljóði háttv. deild til að fella frv. þetta, án þess að nefndin hafi þó tekið fasta ályktun um, að það fyrirkomulag, sem frv. gerir ráð fyrir, geti ekki komið til mála á venjulegum tímum, fyr eða síðar, með eða án breytinga.

Nokkur fleiri atriði til stuðnings tillögu nefndarinnar verða væntanlega tekin fram í framsögu.

Alþingi, 5. sept. 1917.

Einar Arnórsson,  
formaður.

Magnús Guðmundsson,  
skrifari og framsögum.

Einar Árnason.

Pjetur Ottesen.

Einar Jónsson.